

## **Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 12. júní 2017.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 17.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson, Sveinn Sigurbergsson, Ragnar Hilmarsson, Þórunn Ansnes og Hörður Þorsteinsson. Forföll: Ingvar Kristinsson og Jóhann Óskar Borgþórsson.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skipan í stjórn ÍBH**

Tillaga um að Ingvar Kristinsson verði varaformaður, Magnús Gunnarsson verði ritari, Ragnar Hilmarsson gjaldkeri og aðrir meðstjórnendur. Samþykkt.

#### **2. Nefndarlaun stjórnarmanna**

Tillaga um sömu nefndarlaun og Íþrótt- og tólmstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar. Formaður kr. 39.289 á fund og stjórnarmaður kr. 26.193 á fund (9. júní 2017). Samþykkt.

#### **3. Stjórnarmenn ÍBH í Afreksmannasjóð ÍBH**

Tillaga um Ingvar Kristinsson formann, Ragnar Hilmarsson gjaldkera og Samúel Guðmundsson ritara. Samþykkt.

#### **4. Fastir fundartímar stjórnar ÍBH**

Tímabilið september 2017 – júní 2018.  
Tillaga um fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 17.00. Samþykkt.

#### **5. Samningur til styrktar íþróttastarfinu 18 ára og yngri milli Rio Tinto – Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH 2017 – 2019**

Lagt fram til kynningar. Niðurstaða fundar föstudaginn 9. júní 2017, hækka aldur í yngri en 18 ára, greiðslur, 2017 9 milljónir hvor aðili, 2018 10 milljónir hvor aðili og 2019 10 milljónir hvor aðili. Unnið að því að finna dag til undirritunar á samningnum. Úthlutun fer líklega fram í ágúst í ár.

#### **6. Þinggerð 50. þings ÍBH**

Lögð fram til kynningar og farið yfir mál sem byrjað er að kynna úr þinggerðinni.

- Tillaga millipinganefundar var kynnt 31. maí sl. í Umhverfis- og framkvæmdaráði.
- Umhverfis- og framkvæmdarráð samþykkti drög að auglýsingu eftir húsnæði fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar 31. maí sl.
- Erindi frá Golfklúbbnum Keili dags 9. apríl sl. þar sem óskað er eftir viðræðum um breytingar á Hvaleyrarvelli 2. og 3. áfanga (er hluti af millipinganefundartillögu). Umhverfis- og framkvæmdaráð óskar eftir umsögn menningar- og ferðamálanefndar með hliðsjón af menningarminjum á svæðinu samkvæmt bókun í fundargerð 31. maí 2017.

- 22. maí sl. var strax farið í viðgerð á húsnæði Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar, stendur ennþá yfir.
- Þinggerðin kynnt í Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar 12. júní sl.

## 7. Önnur mál

- a). SS var með fyrirspurn til HP um hvaða þýðingu yfirtaka á rekstri Íþróttahússins við Strandgötu hefði fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar. HP greindi frá helstu kostum og göllum.
- b). Almennar umræður um niðurgreiðslur í íþróttá- og tómstundastarf.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.